

Dalvíkurskóli og Þelamerkurskóli mánudagur 6. nóvember

Fyrri lota kl. 16:30 - 17:15

17:15 - 17:45 kaffi á sal

Seinni lota kl. 17:45 - 18:30

Flippað fjör á unglingastigi

Kynning á samþættingu námsgreina á unglingastigi í Dalvíkurskóla. Við skeyttum saman íslensku, náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni, sköpun og vinnustundum, þjuggum til lotur með hæfnivíðmiðum og tókum til starfa.

Staðsetning: stofa 9

Umsjónarkennarar unglingastigs, Dalvíkurskóla

Enska - Fairy tales

Þarf að flækja hlutina? Stundum er einfaldleikinn þægilegastur og skemmtilegastur. Skemmtilegt verkefni fyrir nemendur og kennara sem krefst eingöngu Google Slides og myndavélar.

Staðsetning: stofa 9

Magni Þór Óskarsson, umsjónarkennari 9. - 10. bekk Dalvíkurskóla

Róbótinn DASH - leikur og forritun



Róbótinn DASH er stundum vanmetinn, en notkun hans býður upp á alls kyns skemmtileg verkefni. Kynnumst því hvernig DASH er kynntur fyrir 1. bekk með skemmtilegum leik og einnig þjálfum við stærðfræði og forritun með talnaleik fyrir 4. bekk og eldri.

Staðsetning: stofa 1

Guðný Ólafsdóttir, kennari í upplýsingatækni Dalvíkurskóla

VR: keep talking - enska+upplýsingatækni

Kynnumst VR leiknum **Keep talking - and nobody explodes**.

Þú ert aleinn í herbergi með sprengju, vinir þínir eru með upplýsingarnar sem þú þarft til að aftengja hana.

Leikurinn þjálfar samskiptahæfni, þrautalausnir, enskukunnáttu og málskilning í ensku.

Staðsetning: stofa 1

Guðný Ólafsdóttir, kennari í upplýsingatækni og **Katla Ketilsdóttir**, deildarstjóri Dalvíkurskóla



CR-líkanið: samstarf og samfelldur stuðningur

Í þessari menntabúð verður kynning á hugmyndafræði og verkfærum CR-líkansins ([e. Collaborative Response](#)). Einnig verður sagt frá innleiðingu grunnskólanna í Breiðholti á verklagi CR og tengslum þess við innleiðingu á þeirra á farsældarlöggjöfni. Að lokum verður greint frá áfangamati á verkefninu í Breiðholti og afrakstri þess. Sjá t.d. [grein um líkanið í Skólabráðum](#), [tímariti Samtaka áhugafólks um skólabróun](#)

Staðsetning: stofa 3

Ingileif Ástvaldsdóttir, aðjúnt og doktorsnemi við MVS HÍ

Canva fyrir byrjendur

Grunnbúðir Canva! Förum í helstu grunnatriði Canva; hvernig á að búa til t.d. skjal, glærur, plaköt eða vefsíður. Hversu auðvelt það er að vinna með sniðmát og breyta þeim, deila með öðrum eða beint inn á Classroom. Hvet fólki til að mæta með tölvur til að prófa sig áfram og spyrja spurninga.

Staðsetning: stofa 11

Guðrún Anna Óskarsdóttir, kennari Dalvíkurskóla

Sýndarveruleiki með nemenda með einhverfu

Kynning á leikjum og framkvæmd kennslustunda þar sem sýndarveruleiki er notaður í kennslu með nemenda með einhverfu.

Staðsetning: stofa 12

Valdís Guðbrandsdóttir, iðjupjálfi Dalvíkurskóla

Útiskóli og vistheimt

Kynntar verða fjölbreyttar hugmyndir í útinámi og tengingu útiskóla við vistheimtarverkefni í samstarfi við Landvernd. Einnig verður sagt frá ræktun og uppbyggingu á gamalli malarnámu við útiskólasvæði skólans og hvernig nemendur hafa komið að þeirri vinnu. Ef tími gefst til verður hægt að skoða fjölda mynda sem geta gefið hugmyndir fyrir útinám.

Staðsetning: stofa 12

Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir, skólastjóri Þelamerkurskóli

Forrit og viðbætur til að aðstoða nemendur með sérþarfir og erlenda nemendur

Skoðum hvernig við notum viðbætur í Chrome til að styðja við nemendur með lestrarörðugleika. Hvað er í boði og hvernig nýtum við það? Hvaða forrit er verið að nota í iPad og hvernig virka þau? Hvað hefur virkað í skólum?

Staðsetning: stofa 8

Bergmann Guðmundsson, verkefnisstjóri Brekkuskóla og Giljaskóla

Tæknilausnir í skólastarfi

Farið verður um víðan völl varðandi tæknilausnir í skólastarfi. Við munum kíkja á Securly, sem er kerfi til að halda utan um og stýra Chromebooks í kennslustundum. Jamf Teacher fyrir ipada í kennslu. Hvernig við nýtum Sites og CommonCurriculum til að halda utan um einstaklingsskilaboð til nemenda. Classroomscreen sem er frábært hjálpartæki kennarans og margt margt fleira.

Staðsetning: stofa 8

Bergmann Guðmundsson, verkefnisstjóri Brekkuskóla og Giljaskóla

Verkgreinakennsla

Hægt verður að skoða afrakstur nemenda í verkgreinum og verkgreinakennarar verða á staðnum til að svara spurningum.

Staðsetning: Miðrými

Verkgreinakennsla

Hægt verður að skoða afrakstur nemenda í verkgreinum og verkgreinakennarar verða á staðnum til að svara spurningum.

Staðsetning: Miðrými

Verkgreinakennarar Dalvíkurskóla	Verkgreinakennarar Dalvíkurskóla
Fyrirkomulag ípróttta í unglingadeild (7.-10. b.) „ Breyttar áherslur” Skólaárið 2022/2023 var fyrirkomulagi skólaípróttta breytt í Dalvíkurskóla. Nú í haust erum við að prófa okkur áfram með nýjar leiðir og meira val fyrir nemendur sem skilar sér í meiri virkni og glaðari nemendum. Staðsetning: stofa 16 Jóhann Hreiðarsson og Harpa Rut Heimisdóttir, ípróttakennarar Dalvíkurskóla	Samþætting og fjölbreytt verkefni á unglingastigi Við kíkjum á unglingastig Þelamerkurskóla og fáum kynningu á verkefnum og vinnulagi sem hefur heppnast vel. Um er að ræða samþætt verkefni m.a. í samfélagsgreinum, stærðfræði og íslensku þar sem áherslan er á skapandi verkefnaskil, styrkleika og áhuga nemenda, frumkvæði, ábyrgð og sjálfstæð vinnubrögð. Staðsetning: stofa 4 Anna Rósa Friðriksdóttir, kennari Þelamerkurskóla
ÍSAT í Dalvíkurskóla Í Dalvíkurskóla sinna tveir kennarar ÍSAT kennslu og hafa eina stofu til umráða. Gestum á menntabúðum er boðið að kíkja í heimsókn og fá stutta kynningu á fyrirkomulagi ÍSAT kennslunnar, vefsíðum og forritum sem ÍSAT kennararnir nýta til verkefnagerðar og alls kyns verkefnum sem þeir leggja fyrir nemendur sína. Gestum gefst einnig tími til að prófa verkefnin sjálfir. Staðsetning: stofa 5 Erna Þórey Björnsdóttir og Valgerður María Jóhannsdóttir ÍSAT - kennarar í Dalvíkurskóla	ÍSAT í Dalvíkurskóla Í Dalvíkurskóla sinna tveir kennarar ÍSAT kennslu og hafa eina stofu til umráða. Gestum á menntabúðum er boðið að kíkja í heimsókn og fá stutta kynningu á fyrirkomulagi ÍSAT kennslunnar, vefsíðum og forritum sem ÍSAT kennararnir nýta til verkefnagerðar og alls kyns verkefnum sem þeir leggja fyrir nemendur sína. Gestum gefst einnig tími til að prófa verkefnin sjálfir. Staðsetning: stofa 5 Erna Þórey Björnsdóttir og Valgerður María Jóhannsdóttir ÍSAT - kennarar í Dalvíkurskóla
Heimalestur og foreldrasamstarf Ræðum um mikilvægi fjölbreyttrar nálgunar í skipulagi heimalestrar og samvinnu við foreldra í því skyni að efla áhuga og árangur nemenda í læsi. Einnig verða kynntar áhugahvetjandi leiðir í læsi nemenda á öllum aldri. Staðsetning: stofa 14 Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir, skólastjóri Þelamerkurskólí	Ástkæra ylhýra: Móðurmál/móðumál. Áskoranir nemenda með íslensku sem annað mál. Málstofa um nemendur með íslensku sem annað mál. Í 5 og 6 bekk Dalvíkurskóla eru 13 nemendur sem eiga eitt eða fleiri foreldri sem hefur íslensku sem annað mál. Íslenskukunnátta þessara barna er mjög mismunandi og vonlaust að setja þau öll undir sama hattinn. Staðsetning: stofa 14 Jónína Björk Stefánsdóttir, Katrín Sif Ingvarsdóttir og Jón Bjarki Hjálmarsson umsjónarkennarar í 5. og 6. bekk